

Aðalfundur SÍH starfsárið 2025

18. mars, laugardaginn 2026, Hafnarfirði, kl. 20:00

Dagskrá samkvæmt lögum SÍH:

1. Setning fundar.

Kristinn Sveinsson formaður SÍH setti fundinn og gekk úr skugga um lögmæti hans. Fundurinn var boðaður með meira en viku fyrirvara með auglýsingu á vefsetri félagsins.

2. Kosning fundarstjóra.

Jóhann Halldórsson gaf kost á sér sem fundarstjóra og var kosinn með lófataki.

3. Kosning fundarritara.

Sigurjón Þórðarson var kosinn fundarritari með lófataki.

4. Skýrsla stjórnar.

Kristinn flutti Ársskýrslu SÍH fyrir 2025, stuttur og hnitmiðaður flutningur, sjá skýrsluna sem viðhengi.

5. Nefndir gera grein fyrir störfum sínum.

Kristinn gerði einnig grein fyrir skýrslu nefnda. Að öðru leyti er vísað í ársskýrsluna sem liggur fyrir.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Gjaldkeri félagsins, Ívar Bergmundsson, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir árið 2026. Reikningurinn er yfirfarinn og undirritaður án athugasemda af skoðunarmanni, Guðbjörgu Konráðsdóttur. Tekjur á árinu voru 7.769 þús. og rekstrargjöld 6.006 þús. Hagnaður var 1.762 þús. á móti 2.260.331 þús. á fyrra ári. Fjárfest var í völlum og búnaði fyrir 0 þús. á árinu. Handbært fé í árslok var 1.838 þús. Reikningurinn var samþykktur með lófataki.

7. Lagabreytingar.

Samkvæmt lögum félagsins skal leggja fram tillögur að lagabreytingum fyrir 1. desember. Engar tillögur bárust stjórn fyrir þann tíma.

8. Kosning stjórnar sbr. 9. gr.

Eftirfarandi félagsmenn voru í framboði á aðalfundi:

Ritari til 2ja ára: Sigurjón Þórðarson

Varaformaður til 2ja ára: Einar Örn Reynisson

Varamaður í stjórn Ævar Sveinn Sveinsson

Breyting varð á þessum kosningum og samþykkt var afbrigði af fundarsköpum og stjórnarkjör endurtekið.

Kosið var um formann til tveggja ára og var lýst eftir framboðum á fundinum. Eitt framboð kom, Aðalsteinn Rúnarsson bauð sig fram og var kosin með lófataki.

Ritari til tveggja ára, Sigurjón Þórðarson var látið standa.

Meðstjórnandi til tveggja ára/varaformaður Einar Örn Reynisson stendur einnig

Varamaður í stjórn Ævar Sveinn Sveinsson stendur líka.

Þetta var niðurstaða ársfundar SÍH með stjórnarkjörið.

9. Kosning nefnda.

Eftirfarandi félagsmenn voru kosnir af aðalfundi:

Vallarnefnd

- Einar Örn Reynisson (formaður)
- Arnór Sigurðsson
- Aðalsteinn Svavarsson

Fræðslunefnd

- Jón Gunnar Kristjánsson
- Hreimur Garðarsson

Ritnefnd

- Arnór Logi Uzureau

Mótanefnd

- Jón Gunnar Kristjánsson
- Kristinn Sveinsson

10. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.

Eftirfarandi félagsmenn voru kosnir af aðalfundi:

Skoðendur reikninga

- Guðbjörg Konráðsdóttir
- Vara: Helga Jóhannsdóttir

11. Ákvörðun árgjalds.

Lagt til að árgjald fylgi þróun neysluverðsvísitölu sem hækkaði um 9,4% á milli ára. Samþykkt að árgjald verði óbreytt kr. 18.500 krónum.

12. Önnur mál.

Arnfinnur og Marfa ræddu um sín mál við þáverandi stjórn sem eru orðin þriggja ára gömul. Fundarstjóri benti þeim á að þetta hefði fengið afgreiðslu á sínum tíma og rétt leið væri að leita til ÍSÍ með þá niðurstöðu.

Mikilvægt að stjórnarmenn gæti velsæmis í störfum sínum og orðum og muni að þeir eru fulltrúar félagsins.

Timo ræddi um mikilvægi þess að hafa tækninefnd sem sæi um heimsíðu og samfélagsmiðla. Það gerði líka ný kosinn formaður.

Óli bar upp spurningu til Kidda Sveins sem Kiddi sagði vera ósannindi og jafnvel óhróður.

Hjalti kom með spurningar um hvort stjórn hefði fjallað um hann með óviðeigandi hætti, ekki var fótur fyrir þessu.

13. Fundargerð lesin.

Ritari las fundargerð og var hún samþykkt.

14. Fundarslit.

Fundi var slitið kl. 20:52.